

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/350
komudagur 27.11.2006

Reykjavík 24. nóvember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til upplýsingalaga 296. mál.

Blaðamannafélag Íslands þakkar tækifæri til þess að koma að athugasemdum vegna frumvarps til laga um breytingu á upplýsingalögum 296. mál, en vekur athygli á því hversu skammur tími gafst til umsagnarinnar. Erindið er póstlagt 21. nóvember og frestur til að skila inn umsögn er til 24. nóvember! Slík vinnubrögð eru í engu samræmi við mikilvægi umfjöllunarefnisins, þar sem er réttur almennings og fjölmiðla til aðgangs að upplýsingum í vörslu stjórnvalda.

Blaðamannafélag Íslands er algerlega andvíggt því að réttur almennings og fjölmiðla sé þrengdur frá því sem nú er og hefur raunar verið þeirrar skoðunar að upplýsingaréttinum séu settar óþarflega þröngar skorður í nágildandi lögum. Í fyrirbyggjandi frumvarpi virðist þó standa til að þrengja hann enn frekar ef eitthvað er, ef marka má þær breytingar sem lagðar eru til á 3. og 10 gr. laganna í 1. og 2. gr. frumvarpsins. Þar virðast á ferðinni fullkomlega óþarflegar breytingar á orðalagi, sem eru ekki til þess fallnar að skýra efni laganna frá því sem nú er. Þvert á móti er orðalagið einkar óskýrt, svo ekki sé dýpra í árinna tekið, og til þess fallið að valda misskilningi. Það er til að mynda óskiljanlegt hvaða tilgangi það þjónar að skjóta inn orðinu „fyrirbyggjandi“ í 1. mgr. 3. gr. laganna. Hvað merkir það í þessu samhengi? Að ekki sé hægt að fá aðgang að gögnum sem ekki séu fyrirbyggjandi?!

Með sama hætti virðast orðalagsbreytingar sem lagðar eru til á 10. gr. laganna ekki vera framfaraspor frá því sem nú er. Þar segir nú einfaldlega: „Sá sem fer fram á aðgang að gögnum skal tilgreina þau gögn sem hann óskar að kynna sér. Þá getur hann óskað eftir að fá að kynna sér upplýsingar um tiltekið mál án þess að tilgreina einstök gögn sem málið varða.“ Orðalaginu í frumvarpinu er breytt á þann veg að hægt sé að óska eftir að kynna sér „**öll gögn** um tiltekið mál án þess að tilgreina **einstök gögn**.“ (Feitletranir BÍ)

Það er ekki ástæða til að breyta orðalagi á lagatexta nema til þess að skýra það betur sem áður var óskýrt. Það virðist ekki vera tilfellið hér og í greinargerð með frumvarpinu er ekki að finna rökstuðning fyrir þessum breytingum eða hvernig þær eru til þess fallnar að upplýsingalögin nái betur tilgangi sínum. Aðalatriðið frá sjónarhóli Blaðamannafélags

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS


Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177
Netfang: bi@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>



Íslands er að ekki séu lagðar óþarfa hömlur á að einstaklingar jafnt sem fjölmiðlar geti nálgast upplýsingar hjá stjórnvöldum sem eðlilegt og sjálfsagt er að séu aðgengilegar.

BÍ gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið að svo komnu, en lýsir sig reiðubúið að mæta á fund allsherjarnefndar og gera frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum sé þess óskað.

Fyrir hönd stjórnar BÍ



Hjalmur Jónsson, framkvæmdastjóri BÍ